

Fundargerð 230. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: Þriðjudagur 3. mars 2020
Fundartími: 8:30 – 12:00
Fundarmenn: Árni Eiríksson oddviti
Rósa Matthíasdóttir
Hrafnkell Guðnason varaoddviti
Stefán Geirsson varamaður Margrétar Jónsdóttur
Sigurður Ingi Sigurðsson
Eydís Þ. Indriðadóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Við dagskrána bætist liður nr. 24: Önnur mál: a) Málefni almannavarna. Engar athugasemdir gerðar. Eydís Þ. Indriðadóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Skipulagsmál:

1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 191, dags. 12.02.2020

a) Stórhólmi L211525: Íbúðarhús, reiðhöll og hesthús: Deiliskipulag – 1911049

Lögð er fram umsókn Bents Larsen, dags. 21. nóvember 2019, fyrir hönd Hanne Oustad Smidesang, vegna deiliskipulags jarðarinnar Stórhólma, L211525, í Flóahreppi. Umsókninni fylgir lýsing deiliskipulagsáætlunar móttekin 27. janúar 2020. Lýsingin tekur til byggingu á einu íbúðarhúsi, allt að 300 m², á sér byggingarreit og á öðrum byggingarreit verði reist hesthús, reiðskemma og skemma allt að 2500 m².

Skipulagsnefnd UTU mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki fyrirbyggjandi lýsingu dagsetta í janúar 2020. Skipulagsfulltrúa UTU er falið að senda Skipulagsstofnun lýsinguna til umsagnar skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og kynna lýsinguna almenníngi skv. sömu grein skipulagslaga.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi lýsingu vegna deiliskipulags jarðarinnar Stórhólma, L211525 ásamt lýsingu af deiliskipulagsáætlun sem tekur til byggingar á einu íbúðarhúsi, allt að 300 m² á sér byggingarreit og á öðrum byggingarreit verði reist hesthús, reiðskemma og skemma allt að 2.500 m².

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Arnarstaðakot L166219: Skilgreining byggingarheimilda: Deiliskipulag – 2001058

Lögð er fram umsókn Gunnars Karls Ársælssonar, dags 28. janúar 2020, um deiliskipulag hluta jarðarinnar Arnarstaðakots í Flóahreppi. Deiliskipulagstillagan tekur til um 2 ha svæðis. Gert er ráð fyrir byggingum á 4 byggingarreitum. Á reit B1 er gert ráð fyrir byggingu íbúðarhúss allt að 250m² og með mænishæð allt að 6.5m. Á reit B2 er núverandi íbúðarhús og er gert ráð fyrir að byggja megi við það hús allt að 100m² með mænishæð allt að 6,5m. Á reit B3 er núverandi hesthús og er gert ráð fyrir öðru húsi, aðstöðuhúsi allt að 100m² með mænishæð allt að 6,5m. Á reit B4 er gert ráð fyrir byggingu allt að 1200m² reiðhallar með mænishæð allt að 8,2m.

Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu máls og óskar eftir ítarlegri gögnum.

Sveitarstjórn Flóahrepps frestar afgreiðslu málsins þar til ítarlegri gögn liggja fyrir.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Egilsstaðir 2 L166332; Egilsstaðir 2 Vesturbær: Stofnun lóðar – 2002004

Lögð fram umsókn Þorsteins L. Einarssonar, dags. 11. desember 2019, um stofnun 10.000 fm lóðar utan um íbúðarhús úr landi Egilsstaða 2 L166332. Óskað er eftir að lóðin fái heitið Egilsstaðir 2 Vesturbær.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar né heitið skv. umsókn. Ekki er gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. jarðalaga. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki fyrirbyggjandi umsókn.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi umsókn um landskipti og stofnun 10.000 fm lóðar utan um íbúðarhús úr landi Egilsstaða 2 L166332. Ekki er gerð athugasemd við nafnið Egilsstaðir 2 Vesturbær.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) Hnaus 2 L192333; Breytt landnotkun; Íbúðar- og frístundasvæði

Lögð er fram umsókn Gísla B. Björnssonar, dags. 7. júní 2019, vegna óverulegra breytinga á gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029, í landi Hnaus 2, L192333. Óskað er eftir að breyta landnotkun á 1,5 ha svæði úr landbúnaðar- og skógræktarsvæði yfir í íbúðasvæði. Fyrir íbúðasvæði (ÍB17, Mosató 1) sem er um 0,5 ha. Samtals verður heildar íbúðarsvæði því um 1,9 ha að stærð eftir breytingu. Frístundasvæði (F16) sem í núgildandi aðalskipulagi er sýnt sem mjó ræma meðfram aðkomuvegi er alls um 3,5 ha., þ.e. land innan Hnauss 2. Óskað er eftir að það svæði (3,5 ha) verði gert að landbúnaðarlandi. Svæði F16 tilheyrir því Hnaus I eftir breytingu. Frístundahúsasvæði SL-6, á milli raflínanna (F16c) og svæði þar norðan við (F16a) eru nú færð inn skv. deiliskipulagi. Nyrst á SL6 er sýnd ný stök frístundahúsalóð (F16d). Heimilað verði nýtt frístundahúsasvæði (F16b, 1,1ha) uppi á ásnunum, heim við bæjarhús Hnaus 2. Heildarstærð frístundahúsasvæða að meðtöldum lóðum sem getið er um undir lið 3 hér að framan og eru innan Hnauss 2, verða því alls um 3,5ha. Á uppdrátt er bætt við vatnsbóli VB5 skv. ósk Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Samþykkt um vatnsbólíð liggur þegar fyrir skv. gildandi deiliskipulagi. Sökum smæðar og mælikvarða er ekki hægt að sýna aðliggjandi vatnsverndarsvæði á þessum uppdrætti en þau koma fram í gildandi deiliskipulagi. Hótel á svæðinu hefur nú tengst Vatnsveitu Flóahrepps og ekki lengur háð VB5. Landbúnaðarsvæði stækkar um 2 ha þar sem syðsti hluti af frístundabyggð F16 fellur niður og færast að hluta sunnar þar sem landbúnaðarland var skilgreint áður, fyrir breytingu. Skógræktar- og landgræðslusvæði minnka um 1,5ha. vegna fjölgunar á frístunda- og íbúðalóðum.

Skipulagsnefnd UTU mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki framlagða tillögu Landforms dags. 6. september 2019, breytt 14. janúar 2020 að breytingu á gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029, sem óverulega breytingu skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsnefnd telur að tillagan hafi lítil sem engin áhrif vegna landnotkunar og hefur ekki áhrif á einstaka aðila eða aðra hagsmunaaðila á svæðinu.

Skipulagsfulltrúa UTU er falið að senda Skipulagsstofnun tillöguna ásamt rökstuðningi sveitarstjórnar Flóahrepps og auglýsa niðurstöðu sveitarstjórnar skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagða tillögu Landforms dags. 6.9.2019, breytt 14.1.2020 að breytingu á gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029, sem óverulega breytingu skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Að mati sveitarstjórnar Flóahrepps viku breytingin ekki verulega frá megin stefnu gildandi aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029, og samræmist núverandi ástandi á svæðinu. Það er ekki vilji sveitarstjórnar Flóahrepps að koma í veg fyrir að íbúar geti byggt íbúðarhúsnæði í dreifbýli sveitarfélagsins þó svo að í markmiðum aðalskipulags sé kveðið á um að ekki skuli gera ráð fyrir nýjum svæðum fyrir íbúðabyggð. Þar var fyrst og fremst átt við þéttbýliskjarna, ekki stakar íbúðalóðir. Vilji sveitarstjórnar beindist að því að draga úr stórum samfelldum íbúðarsvæðum (þéttbýliskjörnum) innan sveitarfélagsins en ekki að því koma í veg fyrir að íbúar gætu byggt stök íbúðarhús í hinum dreifðu byggðum sveitarinnar. Sé það vilji Skipulagsstofnunar að almennu orðalagi aðalskipulags Flóahrepps verði breytt þannig að orðalag sé skýrara hvað þetta varðar, kemur í framhaldi þessa máls til greina að ráðist verði í breytingu aðalskipulagsins með það að markmiði að skerpa á skilgreiningu milli þess sem kallað er „íbúðabyggð“ í aðalskipulaginu og þess sem kalla má „stakar íbúðalóðir“. Umfang landnýtingar

eykst óverulega við þá nýtingu sem fyrir er á svæðinu þar sem um litlar og stakar lóðir er að ræða. Svæðið nýtur engrar verndar vegna náttúru- og / eða menningarminja. Umfang breyttra landnotkunarreita er óverulegt og undir viðmiðunarstærðum (3ha) sem getið er um vegna óverulegra breytinga aðalskipulags skv. leiðbeiningum Skipulagsstofnunar (sbr. bls. 2, liður a í 2. kafla) og skv. gátlista fyrir mati stofnunarinnar um ástæður óverulegra breytinga á aðalskipulagi. Breytingin felur ekki í sér ákvæði um byggingarmagn er hefur áhrif á stórt svæði né er hún líkleg til að hafa veruleg áhrif innan eða utan við skipulagssvæði. Breytingin mun ekki hafa áhrif á einstaka aðila innan svæðisins þar sem hún er unnin í nánu samráði við alla hagsmunaaðila auk þess sem hún var auglýst án þess að fram kæmu athugasemdir. Breytingin leiðir ekki til þess að verðmæti eða hagnýting fasteigna skerðist umfram það sem vænta má miðað v/ óbreytta landnýtingu. Skipulagsfulltrúa UTU er falið að senda Skipulagsstofnun tillöguna ásamt rökstuðningi sveitarstjórnar Flóahrepps og auglýsa niðurstöðu sveitarstjórnar skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga. Samykkt með 5 atkvæðum.

e) Arnarstaðakot L166219; Arnarstaðakot Lækur; Stofnun lóðar – 2001014

Lögð fram umsókn Óskars P. Óskarssonar f.h. Ríkiseigna og Gunnars K. Ársælssonar, dags. 16. október 2019, um skiptingu á jörðinni Arnarstaðakot L166219 í tvær landeignir. Óskað er eftir að stofna 53,2 ha spildu, Arnarstaðakot Lækur, úr jörðinni sem verður 52,6 ha eftir skiptin skv. lóðablaði. Aðkoma að nýju spildunni er frá jörðinni Lækur sem er í eigu ríkisins og mun spildan tilheyra ríkinu og vera nýtt sem beitarland eins og verið hefur.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við skiptingu jarðarinnar né heitið skv. umsókn með fyrirvara um lagfærð gögn og samþykki eigenda aðliggjandi landeigenda þar sem staðfest landamerki liggja ekki fyrir. Ekki er gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. jarðalaga. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki fyrirbyggjandi umsókn.

Sveitarstjórn Flóahrepps staðfestir landskipti jarðarinnar Arnarstaðakot þar sem skipt er út úr jörðinni Arnarstaðakot L166219, 53,2 ha spildu sem mun fá heitið Arnarstaðakot Lækur. Fyrirvari er gerður um lagfæringu gagna skv. ábendingu skipulagsnefndar og samþykki aðliggjandi landeigenda. Samþykkt með 5 atkvæðum.

f) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 20 -114 – 2001004F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa 191 – 114 – 2001004F dags.

2. Fundargerð Skipulagsnefndar nr. 192 dags. 26.02.2020

a) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 20 – 115- 2002002F

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa 20 – 115 – 2002002F dags. 19.02.2020 dags. 29.01.2020

3. Húsnæðisáætlun Flóahrepps 2020 – 2026 – drög

Lögð fram húsnæðisáætlun Flóahrepps fyrir tímabilið 2020 – 2026. Áætlunin er staðfest og sveitarstjóra falið að skila til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. Erindi frá Guðríði Þ. Valgeirsdóttur – fokhætta vegna lélegra húsa

Lagt fram erindi frá Guðríði Þ. Valgeirsdóttur þar sem bent er á fokhættu vegna bygginga á bænum Króki í Hraungerðishreppi. Sveitarstjórn þakkar erindið og upplýsir hér með að byggingarfulltrúi hefur sent eiganda viðkomandi fasteigna erindi vegna þessa og mun fylgja því eftir með viðeigandi aðgerðum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Erindi frá sveitarfélaginu Árborg – ósk um fund vegna framtíðarskipulags á landi Árborgar í Flóahreppi

Lagt fram erindi frá sveitarfélaginu Árborg þar sem óskað er eftir fundi með fulltrúum Flóahrepps um framtíðarskipulag á uppbyggingu á landi Svf. Árborgar í Flóahreppi.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vera í samráði við bæjarstjóra Árborgar um hentugan fundartíma.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Endurskoðun á Aðalskipulagi Árborgar – óskað er umsagnar Flóahrepps vegna skipulags- og matslýsingar

Lögð fram til umsagnar sveitarstjórnar Flóahrepps skipulags- og matslýsing Eflu verkfræðistofu vegna endurskoðunar á Aðalskipulagi Árborgar dags. 15.01.2020.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi lýsingu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps –tillaga að erindisbréfi

Lögð fram tillaga að erindisbréfi fyrir nýja nefnd í Flóahreppi, framkvæmda og veitunefnd.

Sveitarstjórn samþykkti eftirfarandi breytingar:

Nefndin verði þriggja manna og fundi að jafnaði einu sinni í mánuði með sveitarstjóra á skrifstofu Flóahrepps. Sveitarstjóri starfar með nefndinni og er ritari hennar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Jafnlaunastefna Flóahrepps

Lögð fram tillaga að jafnlaunastefnu Flóahrepps. Jafnlaunastefnan inniheldur jafnréttisáætlun og byggir jafnlaunastefna sveitarfélagsins á henni. Jafnlaunastefna er forsenda fyrir því að sveitarfélög og fyrirtæki fái jafnlaunavottun.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi jafnlaunastefnu með 5 atkvæðum.

9. Jafnlaunavottun – staða og samningur við vottunaraðila

Unnið er að undirbúningi jafnlaunavottunar og kallað hefur verið eftir tilboði frá vottunaraðilum. Óskað var eftir tilboðum í jafnlaunavottun fyrir 5 sveitarfélög, Hrunamannahrepp, Bláskógabyggð, Flóahrepp, Grímsnes- og Grafningshrepp og Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Fjögur tilboð bárust og samþykkt tillaga samstarfshóps sveitarfélaganna að taka tilboði lægstbjóðanda bsi vottunar.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir tillögu samstarfshópsins með 5 atkvæðum.

10. Breyting á samþykktum um stjórn Flóahrepps nr. 798/2013 með síðari breytingum

Til viðbótar áður framlögðum gögnum á 227. fundi sveitarstjórnar 3. desember er varða samþykktir Flóahrepps nr. 798/2013 og endurskoðun þeirra bætist viðauki um fullnaðarafgreiðslu atvinnu- og umhverfisnefndar Flóahrepps í samræmi við heimildir í 52 gr. samþykktarinnar, sbr. 42 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

1. gr.

Atvinnu- og umhverfisnefnd er falið að taka fullnaðarákvörðun um matsskyldu framkvæmdar þegar sveitarfélagið sjálft er framkvæmdaaðili, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 með síðari breytingum.

2. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu atvinnu- og umhverfisnefndar eða kemur á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska eftir endurupptöku mál í nefndinni með hliðsjón af 24. gr. stjórnarsýslulaga. Telji atvinnu- og umhverfisnefnd að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal nefndin taka málið upp að nýju. Þá skal aðila leiðbeint um rétt sinn til að skjóta afgreiðslu nefndarinnar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan tiltekins frests, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Framangreindur viðauki við samþykktir um stjórn Flóahrepps er samþykktur með 5 atkvæðum.

11. Meindýraeyðing í Flóahreppi – samningar við verktaka

Lagðir fram samningar um eyðingu refa og minks í Flóahreppi fyrir árið 2020 ásamt viðmiðunarreglum.

Sveitarstjórn samþykkir fyrirbyggjandi samninga og viðmiðunarreglur varðandi greiðslur með 5 atkvæðum.

12. Erindi frá formanni atvinnu- og umhverfisnefndar – strandhreinsunardagur í Flóahreppi

Sveitastjórn Flóahrepps samþykkir framlag vinnuskóla Flóahrepps og starfsmanna sveitarfélagsins til þess að skipuleggja stranddag/strandhreinsunardag ásamt þeim íbúum sem vilja taka þátt í verkefninu í júní. Taka þarf tillit til sjávarfalla og verður tímasetning nánar ákveðin þegar nær dregur.

Samþykkt með 5 atkvæðum

13. Erindi frá Svanhvíti Hermannsdóttur – moltugerð

Lagt fram erindi frá Svanhvíti Hermannsdóttur þar sem óskað er eftir upplýsingum um það hvernig sveitarfélagið hyggist umbuna þeim sem vinna moltu heima.

Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar fyrir ábendinguna en hefur ekki fram til þessa gefið þeim aðilum sem vinna lífrænan úrgang heima afslátt af sorphirðugjöldum. Litið er svo á að það sé töluverður ávinningur fyrir íbúa og landeigendur að skilja lífrænt hráefni frá úrgangi og öðru endurvinnsluefni og nýta til þess að bæta jarðveg. Sveitarstjórn sér ekki að svo stöddu leið til þess að umbuna þeim sem sjá sjálfir um lífræna hráefnið. Málið verður í skoðun áfram. Samþykkt með 5 atkvæðum.

14. Vísinda- og rannsóknarsjóður Suðurlands – erindi varðandi áframhaldandi stuðning Flóahrepps

Hrafnkell Guðnason víkur af fundi við afgreiðslu þessa liðar.

Fyrir liggur erindi frá Vísinda- og rannsóknarsjóði Suðurlands þar sem óskað er eftir áframhaldandi stuðningi við sjóðinn. Meðfylgjandi er samningur sem gerir ráð fyrir árlegu framlagi sveitarfélagsins kr. 30.000 á ári til þriggja ára.

Sveitarstjórn samþykkir með 4 atkvæðum árlegt framlag 30.000 kr til þriggja ára og felur sveitarstjóra að undirrita meðfylgjandi samning.

15. Erindi frá Orkusjóði – samningur um styrkveitingu vegna varmadælingar í Flóaskóla

Lagt fram erindi frá Orkusjóði þar sem fram kemur að ráðherra ferðamála, iðnaðar og nýsköpunar hefur staðfest tillögu ráðgjafanefndar Orkusjóðs um styrk til uppsetningar á varmadælu í Flóaskóla. Einnig meðfylgjandi samningur við Orkusjóð um styrk kr. 5 milljónir

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að sveitarstjóri undirriti samninginn og sendi á orkusjóð.

Sveitarstjóra falið að óska eftir fundi með oddvita, ráðgjafa Verkís og umsjónarmanni fasteigna til þess að fara yfir verkefnið og ákveða röð aðgerða.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

16. Erindi frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga

a) Fjárfesting í fjárhagsáætlun ársins 2019

Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga gerir athugasemd við það að ekki var gert óháð mat vegna lagningar ljósleiðara í Flóahreppi. Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar ábendinguna. Tekið skal fram að fyrir lá álit endurskoðenda sveitarfélagsins og ekki var gerður fyrirvari af þeirra hálfu um þessa framkvæmd þar sem styrkir og tengigjöld voru reiknaðir inn í heildaráætlun verksins og heildarframlag sveitarsjóðs því áætlað undir 20 % af skatttekjum ársins. Verkinu var lokið á árinu 2019. Framkvæmdin var unnin samkvæmt áætlun, stóðst tímamörk og kostnaður heildarverks var undir kostnaðaráætlun verksins. Endanlegt uppgjör við verktaka hefur farið fram og gerður hefur verið samningur um ný tengingar og þau viðhaldsverkefni sem upp kunna að koma. Þátttaka íbúa er góð og ennþá að bætast nýir notendur við kerfið.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Almennt eftirlit

Lagt fram erindi til allra sveitarstjórna frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga þar sem óskað er eftir yfirliti yfir stöðu einstakra verkefna í árslok árið 2019 (hlutfallsleg staða miðað við verklok) samanlagðan útlagðan kostnað, gildandi fjárheimild og breytingar á henni á árinu 2019. Jafnframt er óskað eftir mati á stöðu verkefnis, bæði lokið og áætlað ólokið, gagnvart gildandi fjárheimild. Óskað er eftir upplýsingum um verkefni sem unnið var að á árinu 2019, hvort sem þau áttu upphaf á árinu 2019 eða fyrr. Óskað er eftir að yfirlitið sýni framangreinda þætti fyrir hvern ársfjórðung ársins.

Sveitarstjóra falið að svara erindinu í samráði við bókara og endurskoðendur sveitarfélagsins. Samþykkt með 5 atkvæðum.

17. Erindi frá Félagi húsbílaeigenda og 4 x 4 klúbbnum - ósk um breytingu á 22. grein náttúruverndarlaga

Lagt fram erindi frá félögum í félagi húsbílaeigenda og 4 x 4 klúbbnum vegna óska klúbbanna um breytingu á 22. grein náttúruverndarlaga sem fælu í sér heimild til þess að leggja húsbílum og hjólhýsum utan skipulagðra tjaldsvæða séu þau búin salernum.

Sveitarstjórn Flóahrepps vísar til lögreglusamþykktar fyrir Suðurland þar sem eftirfarandi kemur fram „Við alfaraleið í byggð er óheimilt að gista í tjöldum, húsbílum, hjólhýsum, fellihýsum, tjaldvögnum og öðrum sambærilegum búnaði, utan skipulagðra tjaldsvæða.”

Sveitarstjórn Flóahrepps tók þátt í samráði 15 sveitarfélaga á Suðurlandi um Lögreglusamþykkt fyrir Suðurland og er ekki talin þörf á að gera undanþágur frá henni hvað þetta varðar.

Bókun samþykkt með 5 atkvæðum.

18. Erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga varðandi umsögn um breytingar á fjórum lagabálkum

Athygli sveitarfélaga er vakin á drögum að frumvarpi sem forsætisráðuneytið hefur birt til umsagnar í samráðsgátt um eignarráð og nýtingu fasteigna.

Bent er á að umsagnarfrestur er aðeins til 23. febrúar og óskar Samband íslenskra sveitarfélaga eftir viðbrögðum frá sveitarfélögum vegna þeirra aðgerða sem lagðar eru til í frumvarpinu og felast í breytingum á lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna nr. 19/1966, þinglýsingarlögum nr. 39/1978, lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 og jarðalögum nr. 81/2004.

Sveitarstjórn Flóahrepps leggur erindið fram til kynningar.

19. Frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti – til umsagnar, reglugerð um héraðsskjalasöfn

Lagt fram til kynningar

20. Frá nefndarsviði Alþingis:

- a) Tillaga til þingsályktunar um stöðu barna 10 árum eftir hrun, 191. mál.
Lagt fram til kynningar.
- b) Frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007, og lögum um málefni aldraða nr. 125/1999, með síðari breytingum (réttur til einbýlis á öldrunarstofnunum), 323. mál.
Lagt fram til kynningar.
- c) Tillaga til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkflugvallar, 311. mál.
Lagt fram til kynningar.

21. Trúnaðarmál:

Fært í trúnaðarmálabók

22. Fundargerðir:

- a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 229, dags. 04.02.2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar
- b) Oddvitanefndar UTU bs. nr. 72, dags. 21.02.2020 ásamt verkfundargerðum vegna Saurbæjar vinnsluhúss nr. 5 og 6
Fundargerðirnar lagðar fram til kynningar
- c) Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings nr. 37, dags. 05.02.2020 ásamt gjaldskrá
Í fundargerðinni lið nr. er tillaga Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árnessýslu að breyttri gjaldskrá vegna heimaþjónustu, stuðningsfjölskyldna og fjárhagsaðstoðar
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrir sitt leyti fyrirliðgjandi tillögu að gjaldskrá með 5 atkvæðum.
- d) Byggingarnefndar Búðarstígs 22, nr. 6, dags. 04.02.2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- e) Stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga nr. 195, dags. 07.02.2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- f) Stjórnar SOS nr. 290, dags. 18.02.2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- g) Stjórnar Bergrisans dags. 21.02.2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar
- h) Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 202, dags. 04.02.2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar
- i) Stjórnar SASS nr. 553, dags. 17.01.2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar
- j) Stjórnar SASS nr. 554, dags. 07.02.2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- k) Stjórnar Sambands sveitarfélaga, nr. 878, dags. 31.01.2020
Fundargerðin lögð fram til kynningar

23. Efni til kynningar:

- a) Faghópur sveitarfélaga um ferðamál - minnispunktur dags. 12.02.2020
- b) Frá Rauða krossinum – upplýsingar um tengiliði
- c) Erindi frá HP Gámum – Hreinsun sveitarfélags allar tegundir af málmum og fleira
- d) Frá Alta – tíu staðreyndir um landupplýsingar og vefsjár

- e) Verkefni sveitarstjóra í febrúar 2020
- f) Næsti sveitarstjórnarfundur verður haldinn 7. apríl klukkan 8:30.

24. Önnur mál:

a) Almannaþing og viðbragðsáætlanir

Lagðar fram leiðbeiningar fyrir vettvangsstjórn og starfsmenn sveitarfélagsins Árborgar og Flóahrepps um viðbrögð við influensufaraldri frá árinu 2009. Sveitarstjóra falið að vera í samráði við bæjarstjóra Árborgar og almannaþing um uppfærslu áætlunarinnar.

Árni Eiríksson (sign)

Rósa Matthíasdóttir (sign)

Hrafnkell Guðnason (sign)

Stefán Geirsson (sign)

Sigurður Ingi Sigurðsson (sign)

Eydís Þ. Indriðadóttir (sign)